



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

RAVEL & PROKOFIEV



8. MARS 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð timalengd verka:

Sinfónía nr 2: 35'
Fiðlukonsert nr. 1: 23'
La valse: 13'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 08 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

RAVEL OG PROKOFÍEV

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

.....
Nicola Lolli
einleikari

EFNISSKRÁ

Charles Gounod
Sinfónía nr. 2 í Es-dúr, op. 11 (1855)
Adagio - Allegro agitato
Larghetto non troppo
Scherzo: Allegro molto
Finale: Allegro, leggiero assai

HLÉ

Sergej Prokofjev
Fiðlukonsert nr. 1 í D-dúr, op. 19 (1917)
Andantino
Scherzo vivacissimo
Moderato

Maurice Ravel
La valse (1920)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hann er tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu, en tvö ár eru nú síðan hann var ráðinn til hljómsveitarinnar. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfærði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmoníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um nýu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmoníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmoníuna, Fílharmoníonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmoníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal. Tortelier kemur enn fram með BBC-fílharmoníunni á árlegum Proms-tónleikum hennar og fylgdi hljómsveitinni nýlega í tónleikaferð um Bandaríkin í tilefni 60 ára afmælis hennar, í framhaldi af því var hann útnefndur heiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. Tortelier er einnig aðalgestastjórnandi við Royal Academy of Music í London.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfunna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmoníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.

UM STJÓRNANDANN

Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 í verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í Peacock Tales eftir Anders Hillborg. Í apríl á síðasta ári fylgdi Tortelier Sinfóníuhljómsveitinni í tónleikaferð til Gautaborgar, þar stjórnaði hann hljómsveitinni í hinu viðfræga tónlistarhúsi borgarinnar og hlaut tónlistarfólkið einróma lof tónleikagesta og gagnrýnenda fyrir flutning sinn. Á þeim tveimur starfsárum sem Tortelier hefur verið aðalstjórnandi SÍ hefur frönsk tónlist fengið auknið vægi á efnisskrám hennar.



NICOLA LOLLI

EINLEIKARI

Nicola Lolli fæddist í Castelfranco Veneto á Ítalíu og hélt sína fyrstu einleikstónleika í Teatro Chiabrera í Savona aðeins ellefu ára gamall. Nicola hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðarhljómsveitinni í Taiwan, Salieri-hljómsveitinni og Háskólahljómsveitinni í Písa svo einhverjar séu nefndar. Hann hefur unnið til verðlauna í ýmsum keppnum, m.a. í tvígang í ítölsku fiðlukeppninni í Vittorio Veneto árin 1993 og árið 1997. Nicola stundaði framhaldsnám í fiðluleik við þrjá tónlistarháskóla: í Vínarborg lærði hann hjá Eszter Haffner, í Lübeck hjá Shmuel Ashkenasi og í Graz hjá Gerhard Schulz. Að námi loknu lék hann um tíma í Fílharmóníuhljómsveit Vínarborgar og í hljómsveit Vínaróperunnar. Hann hefur auk þess gegnt starfi konsertmeistara Santa Cecilia-hljómsveitarinnar í Róm og stöðu aðstoðarkonsertmeistara Salieri-hljómsveitarinnar í sömu borg.

Árið 2012 var Nicola ráðinn konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir hann þeirri stöðu ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur. Nicola er einnig konsertmeistari hljómsveitar Íslensku óperunnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Nicola leikur einleikskonsert með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en árið 2014 lék hann tvíkonsert Bachs á aðventutónleikum hljómsveitarinnar ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur.

Nicola Lolli er virkur þátttakandi í ýmsum kammerhópum, á Ítalíu leikur hann með Bernstein-píanótríóinu og Ensemble Punto It. Á Íslandi hefur Nicola leikið á tónleikum Kammermúsíklúbsins og í desember síðastliðnum lék hann á tónleikum í Föstudagsröð SÍ ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni og Sigurgeir Agnarssyni. Tónleikar Nicola Lolli og Domenico Codispoli á Listahátíð í Reykjavík árið 2015 voru tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna ári síðar, en á efnisskrá var meðal annars frumflutningur á verki Þuríðar Jónsdóttur, *Solid Hologram*.



CHARLES GOUNOD

SINFÓNÍA NR. 2 Í ES-DÚR, OP. 11

Franska tónskáldið Charles Gounod (1818-1893) er nú á dögum án efa þekktastur fyrir Ave Maríu sína, fallega laglínu sem svífur yfir prelúdíu nr. 1 í C-dúr úr *Vel tempraða hljómborðinu* eftir Johann Sebastian Bach, verk sem Gounod samdi árið 1853. Um þær mundir voru óperutónsmíðar raunar helsta viðfangsefni hans, en sú tónlistargrein naut mikillar hylli í París um miðja 19. öld. Óperum Gounods var þó tekið fálega, allt þar til óperan *Faust*, byggð á samnefndu leikriti eftir Goethe, hreif Parísarbúa árið 1859 og átti eftir að bera hróður hans víða, sem og aðrar óperur hans sem á eftir komu.

Gounod lærði á píanó frá unga aldri hjá móður sinni, sem var píanóleikari, hann fékk síðar inngöngu í Konservatoríð í París en stundaði einnig nám í heimspeki. Trúmál voru honum lengi ofarlega í huga, hann samdi mörg tónverk af trúarlegum toga, varð fyrir miklum áhrifum af tónlist Palestrina og um tíma íhugaði hann að gerast kirkjunnar þjónn. Eftir nokkurra ára tónsmíðanáám hlaut Gounod hin eftirsóttu Rómaverðlaun, Prix de Rome, sem franska ríkið veitti námsmönnum sem sköruðu framúr í listgreinum. Verðlaunin fólu í sér þriggja ára námsdvöl í Rómaborg, í Villa Medici í hjarta borgarinnar, ásamt öðrum styrkþegum. Má nærri geta að borgin eilífa með öllum sínum menningarminum hafi orðið ungu listafólki örvun til sköpunar, þá jafnt sem nú. Af öðrum tónskáldum sem hlotið hafa þessi verðlaun má nefna Berlioz, Bizet og Debussy. Í Róm lágu leiðir þeirra Gounod og Fannyar Mendelssohn saman, en hún dvaldi þar um tíma ásamt eiginmanni sínum, málaranum Hensel. Sögur herma að þau hafi oft komið saman og spilað tónlist, að Fanny hafi setið við píanóið og leikið píanómritanir af konsertum og sinfóníum og fyrst kynnt Gounod fyrir verkum tónskálda á borð við Bach, Beethoven, Schumann og auðvitað eigin tónlist og tónlist bróður síns, Felix Mendelssohns, sem Gounod átti síðar eftir að heimsækja til Leipzig.

Víst er að finna má drætti í Sinfóníu nr. 2, sem Gounod samdi árið 1855, sem svipar til verka þýskra starfsbræðra hans. En hún ber frönskum höfundum sínum líka vitni, með þokkafullum streymandi laglínum, léttleika og fágúðum stíl, óvæntum tónregundabreytingum sem boða rómantíska hugsun, þó innan hins klassíska forms.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

200 ár eru nú liðin frá fæðingu Charles Gounod og er hans minnst á ýmsan hátt á þessu ári. Á þessu starfsári hljóma sinfóníurnar tvær sem hann samdi árið 1855 í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Yan Pascal Tortelier, sú fyrri var leikin á tónleikum 14. september. Unnið er að hljóðritunum beggja sinfóníanna.



SERGEJ PROKOFÍEV

FIÐLUKONSERT NR. 1 Í D-DÚR, OP. 19

„Fremst meðal jafningja“ sagði rússneskur tónlistargagnrýnandi um einleiksfíðluna í Fiðlukonserti Sergejs Prokofíev (1891-1953) nr. 1 og átti þá við að einleikshljóðfærið hefji sig ekki beinlínis yfir hljómsveitina og tróni yfir henni, heldur sé það hluti af heildarvef tónlistarinnar. Önnur nýjung sem í verkinu fólst var bygging þess, í stað þess að kaflarnir séu hinir venjulegu hraður/hægur/hraður er málum víxlað, miðjukaflinn er hraður og stuttur, fyrsti og þriðji hægari og ljóðrænni, þótt vissulega felist í þeim bæði snerpa og kraftur.

Konsertinn varð til á umbrotatímum í heimalandi tónskáldsins, Rússlandi, á því herrans ári 1917. Það þarf tæpast að koma á óvart að verkið hafi ekki verið frumflutt í Sankti Pétursborg það ár, eins og til hafði staðið, heldur sex árum síðar og það í París, þar sem tónskáldið hafði þá sest að. Byltingarárið 1917 reyndist þó einkar gjöfult fyrir Prokofíev sem tónskáld, kannski urðu ytri áttök til að skerpa á skapandi huga hans, en á árinu litu dagsins ljós tvær píanósónötur hans, fyrsta sinfónían og fleiri píanóverk, auk fiðlukonsertsins.

Upphafstónar konsertsins eru töfrandi og ljóðrænnir, fiðlan syngur angurværan söng – tónskáldið tók skýrt fram að hann vildi ná fram dreymandi andrúmslofti, *sognando*. Drög að fyrsta kaflanum höfðu orðið til 1915, þegar Prokofíev hugðist semja konsertínó í einum þætti, verk sem hann lagði á hilluna vegna anna, en tók fram tveimur árum síðar og gerði að fullgildum konserti. Fljótlega vikur draumurinn fyrir átakameiri tónum, sem áttu að vera *narrando*, eða í frásagnartón, „spilaðu þetta eins og þér liggi eitthvað brýnt á hjarta“ voru fyrir mæli tónskáldsins til fiðluleikarans. Í konsertinum býr margt sem einkennt hefur tónmál Prokofíevs, sem er fullt af andstæðum, þarna er ljóðræn fágun og fegurð en líka húmor, kaldhæðni, gróteska og djöfulgangur, vélrænn dans og villimennska.

Þrátt fyrir erfiða fæðingu og dræmar viðtökur í upphafi hefur Fiðlukonsert Prokofíevs nr. 1 orðið fastur liður á efnisskrám fiðlulivirtúósa um allan heim, kannski er hann fremstur meðal jafningja þegar kemur að fiðlukonsertum 20. aldarinnar. Í þessu verki fær fiðluleikarinn sannarlega tækifæri til að sýna hvað í honum býr og fara öfganna á milli í tækni jafnt sem tilfinningum. Verkið eins og fjarar út, fiðlan klífur tónstigann fimlega, fer ofar og ofar, spilar sífellt hærri trillutóna, sem taka að sindra eins og stjörnur á himni þegar upphafsstefið hljómar að nýju.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Argentínski fiðluleikarinn Ricardo Odnoposoff lék fyrri konsert Prokofíevs með Sí í Háskólabíói árið 1963 og hafði hann þá ekki heyrst áður hér á landi. Síðan hafa fjórir fiðlarar fylgt í fótspor hans: Einar G. Sveinbjörnsson (1979), Joshua Bell (1989), Judith Ingólfsson (1999), Vadim Gluzman (2001) og Hilary Hahn (2010).



MAURICE RAVEL

LA VALSE

„Íólígangandi skýjafari má óljóst greina mannverur sem dansa vals. Skýin greiðast smám saman sundur, í ljós kemur geysistór salur fullur af fólki sem þyrlast um í dansi. Birtan sem stafar frá ljósakrónunum verður æ meiri - sögu sviðið er keisara-leg hirð, um 1855.“ Þessar hugleiðingar franska tónskáldsins Maurice Ravel (1875-1937) fylgja verki hans, *La valse*, frá árinu 1920.

Dansinn, einkum valsinn, var Ravel alla tíð hugleikið tónsmíðaform, eins og heyra má í mörgum tónsmíða hans. Strax árið 1906 hóf hann að vinna með þá hugmynd að semja verk sem yrði eins konar upphafning Vínarvalsins og hylling til valsa-kóngsins, Johanns Strauss yngri. Verkið leit þó ekki dagsins ljós fyrr en fjórtán árum síðar, í gerbreyttum heimi.

La valse átti upphaflega að vera ballettónlist og sem slíka kynnti Ravel verkið fyrir Sergej Dhiagilev, stjórnanda Rússneska ballettflokksins. Sá hafnaði verkinu, vissulega væri það meist-araverk, en ekki ballettónlist, nokkuð sem Ravel sárnaði mjög og batt enda á samskipti þeirra. Verkið hefur reynar nokkrum sinnum verið sett upp sem ballett, en hefur notið mestrar hylli sem hljómsveitarverk, en einnig er til útgáfa af því fyrir tvö píanó og fyrir einleikspíanó.

Það fer ekki hjá því að myndir kvikni í huganum þegar hlýtt er á þetta áhrifamikla verk, sem eins og vex úr dularfullu djúpinu, brot af einhverju kunnuglegu hljóma öðru hvoru, eins og ljós-brot sem birtast í örskotsstund, síðpils þyrlast, smátt og smátt taka brotin að raðast saman og mynda heild, glæsilega valsatón-list sem er fágud í fyrstu en verður æ óhugnanlegri og stjór-nlausari eftir því sem verkinu vindur fram. Árið 1920 var Evrópa í rúst eftir fyrri heimsstyrjöld, gildin og viðmiðin sem áður höfðu ríkt í álfunni voru hrunin, mikilmennskubrjálæði dansandi aðals hafði leitt álfuna í glötun og dregið milljónir til dauða eða valdið þeim varanlegum skaða. Það gildi um Ravel sjálfan, sem starfað hafði sem sjúkraflutningamaður á vígstöðvunum. Verkið sem hið tæplega þrítuga tónskáld hafði lagt drög að sem upphafningu valsins varð því fjórtán árum síðar að skrumskæl-ingu hans, afbyggingu og jafnvel tortímingu valsins.

Sigríður Stephensen

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

La valse heyrðist ekki á tón-leikum á Íslandi fyrr en árið 1970. Þá hélt Bohdan Wodiczko um tónsprotann en síðan hafa sjö stjórnendur fylgt í fótspor hans, meðal annars Aldo Ceccato (1989), Osmo Vänskä (1993), Baldur Brönni-mann (2003), David Björkman (2007), Petri Sakari (2010) og Eivind Aadland (2015). Verkið hefur einnig hljómað í útsetningu fyrir tvo flygla, til dæmis í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar, en einnig Helgu Bryndísar Magnúsdóttur og Aladárs Rácz í Salnum í Kópavogi árið 2011. Khatia Buniatishvili lék útsetningu fyrir einleikspíanó á tónleikum sínum á Listahátíð í Reykjavík 2014.

Á DÖFINNI

FIM 15 MAR 19:30



MATTILA SYNGUR WAGNER

Karita Mattila er ein skærasta söngstjarna Norðurlanda. Á löngum og viðburðaríkum ferli hefur þessi finnska sópransöngkona meðal annars sungið leiðandi hlutverk við Metropolitan, Covent Garden og Bastillu-óperuna. Hún hefur tvívegis hlotið Grammy-verðlaun og árið 2005 valdi tímaritið Musical America hana tónlistarmann ársins. Hún syngur nú í fyrsta sinn á Íslandi og túlkar munúðarfulla ástarsöngva sem Wagner samdi við ljóð ástkonu sinnar Mathilde Wesendonck. Yan Pascal Tortelier er sannarlega á heimavelli þegar kemur að franskri tónlist og á tónleikunum hljómar eitt af eftirlætisverkum hans, *Draumórasinfónían* eftir Berlioz.

SUN 18 MAR 19:30



GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga. Einleikari er hin franska Héléne Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sinfóníusmiðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri en hann tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



©Mat Hennek

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

8. MARS 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Roland Hartwell
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Pascal La Rosa
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lóvís Fjeldsted
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Borgar Magnason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Grecius
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Ársgunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Antonia Zimmermann
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason
Einar Valur Scheving

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munni.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu.

Martial: Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málm.

Óbóíð er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manninum um árpúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóströfur á mikilvægum augnablikum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA